

12. mars, 2021

Allsherjar- og menntamálanefnd

Umsögn Samtakanna '78 um frumvarp til laga um breytingu á hjúskaparlögum (skilnaður án undanfara), 190. mál.

Samtökin '78 fagna þessu frumvarpi og telja það til bóta.

Í núgildandi lögum eru ansi þröng skilyrði fyrir því að hægt sé að veita leyfi til lögskilnaðar, t.d. þarf stefnandi að vera búsettur á Íslandi og hafa verið það sl. tvö ár eða búið hér áður í svo langan tíma.


Vegna þessa þá gerir það erlendu hinsegin fólki af sama kyni sem kemur til Íslands til þess að ganga í hjónaband erfitt fyrir, en í íslenskum hjúskaparlögum eru samkynja hjónabönd viðurkennd. Ísland er eitt af 29 löndum í heiminum sem heimila og viðurkenna hjónabönd samkynja para, hvaðan sem þau koma í heiminum en gerir þeim erfitt fyrir að sækja um skilnað.

Samtökin '78 hafa unnið í máli samkynja pars sem kemur frá löndum sem hvorki heimila né viðurkenna hjónabönd samkynja para. Af þessum ástæðum kom parið til Íslands, gekk hér í hjónaband og flutti aftur til heimalands annars þeirra. Þar skildu leiðir og ákvaðu hjónin að skilja. Þeir gátu ekki sótt um lögskilnað í heimalöndum sínum og þeir gátu ekki farið fram á ógildingu, þar sem heimalönd þeirra viðurkenna ekki hjónabönd samkynja hjóna. Því eru þeir fastir í hjónabandi á Íslandi.

Með þessari lagabreytingu þá geta þessir einstaklingar sótt um skilnað enda fellur mál þeirra beint undir þessa tillögu að breytingu á lögum.

Það er von okkar í Samtökunum '78 að tillagan verði samþykkt.

Virðingarfyllst,



Daníel E. Arnarsson, framkvæmdastjóri